

## M-51/2013 Álit 17. september 2013

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-51/2013:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á hamstrabúri á útsölu hjá Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi gefið upp rangt verð á búrinu og því reiknað útsöluafslátt af of háu verði. Krefst álitsbeiðandi að seljandi endurgreiði sér það sem hann ofgreiddi vegna þessa.

#### II

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um verðmerkingu á söluvöru. Um verðmerkingar söluvöru o.fl. gilda lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 17. gr. laganna. Á grundvelli þeirra laga hefur og verið settar reglur nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kærunefndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 fer Neytendastofa með eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt.

#### III

##### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir